

Fundargerð stjórnar SOS

Stjórnarfundur nr. 270, staður: SASS, Austurvegi 56, Selfossi.

Dagsetning og tími: 1. október 2018, kl.16.00

Mættir voru: Anton Kári Halldórsson, Jón G. Valgeirsson og Gísli Halldór Halldórsson. Raket Sveinsdóttir og Eggert Valur Guðmundsson boðuðu forföll og í þeirra stað voru mætt Aldís Hafsteinsdóttir og Helgi Sigurður Haraldsson. Þá sat fundinn Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS. Gestir fundarins undir 1. lið voru þeir Guðmundur Tryggvi Ólafsson formaður stjórnar Orkugerðarinnar og Ólafur Wernersson framkvæmdarstjóri Orkugerðarinnar. Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice tók þátt í fundarumræðu að hluta í gegnum síma (liður 4).

Fundargerð ritaði Anton Kári Halldórsson

1. Orkugerðin

Stjórnarformaður og framkvæmdarstjóri Orkugerðarinnar fóru yfir stöðu mála. Málefni Orkugerðarinnar rædd á breiðum grunni. Miklir möguleikar eru fyrir frekari þróun Orkugerðarinnar.

2. Aðalfundur SOS 18. – 19. okt. nk. í Hveragerði

Farið yfir drög að dagskrá aðalfundar SOS. Endanleg dagskrá aðalfundar þarf að liggja fyrir nk. fimmtudag. BG mun vinna endanlega dagskrá í samræmi við umræður á fundi.

Rætt um gjaldskrá SOS. Talsvert hefur borið á því að tekjur hafi ekki skilað sér og erfiðlega hefur gengið að afla áreiðanlegra upplýsinga um magn sorps til urðunar. Stjórn leggur til að ný gjaldskrá fyrir umsýslugjald SOS taki mið af brunabótamati allra húseigna 70% og íbúafjölda 30% aðildar sveitarfélaga.

Rætt um drög að fjárhagsáætlun 2019. Mjög líklegt er að kostnaður SOS fari talsvert fram úr áætlun fyrir árið 2018.

Rætt um laun fyrir nefndarstörf. Mikilvægt að endurskoða hlutfall á milli formanns og annarra stjórnarmanna.

3. Nessandur – staða á viðræðum við Sveitarfélagið Ölfus

Farið yfir svar Sveitarfélagsins Ölfuss vegna erindis SOS, þar sem meirihluti sveitarstjórnar hafnar því að Nessandur verði urðunarstaður. Stjórn SOS lýsir yfir vonbrigðum með ákvarðanatöku sveitarstjórnar Ölfuss varðandi málið.

4. Valkostagreining á urðunarstöðum

Þar sem útséð er með að urðunarstaður verði á Nessandi, samþykkir stjórn að taka upp valkostagreiningu að nýju. Stjórn samþykkir að ráða Stefán Gíslason til að vinna að heildrænni lausn á urðun úrgangs á suður og suð-vestur landi. Stjórn leggur áherslur á að málinu verði hraðað og að stöðuskýrsla liggja fyrir eftir um mánuð.

5. SSH / SORPA – Staða á samningi um móttöku á úrgangi – Erindi SORPU dags. 1. okt. 2018

Stjórn felur formanni að ræða við bréfitara varðandi efni og ákvæði nýs þjónustusamnings við SORPU. Stjórn SOS hefur ákveðið að halda áfram á fullum krafti í að finna urðunarstað fyrir suður og suð-vesturland og hefur ráðið ráðgjafa til að halda þeirri vinnu áfram. Eftir um mánuð mun liggja fyrir stöðuskýrsla um framgang þeirra vinnu.

6. Önnur mál

Beiðni um heimild PureNorth Recycling um afnot af athafnasvæði Sorpstöðvarinnar að Kirkjuferju

Á síðasta fundi stjórnna var umsókn PureNorth Recycling tekin fyrir og óskað eftir frekari gögnum varðandi magn og útfærslu á geymslusvæði fyrir rúlluplast. Stjórn tekur jákvætt í erindið og felur formanni að athuga með leyfismál varðandi erindið.

Önnur mál voru ekki rædd. Fundi slitið kl. 18:43

Næsti stjórnarfundur var ákveðinn þann 17. október nk kl. 20.00 á Hótel Örk, Hveragerði